

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 277 1. júlí 1976 með síðari breytingum.

5. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld.

a) Garðyrkjustöðvar kr. 19,56 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Meðan hemlar eru ekki komnir á íbúðarhús garðyrkjubænda, og vatn, sem notað er til upphitunar þeirra, er tekið af því vatni, sem garðyrkjustöðin fær í heild, samkvæmt mælingu, skal þar að auki greiða fastagjald af íbúðarhúsum, kr. 0,96 á mánuði af hverjum rúmmetra.

b) Íbúðarhús kr. 104,76 fyrir hvern mínútulítra á mánuði um hemil.

c) Iðnaðarhús kr. 54,72 fyrir hver mínútulítra á mánuði um hemil.

d) Meðan hemlar eru ekki komnir á, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina og skal vatnsgjaldið vera kr. 19,56 á mánuði af hverjum mínútulítra. Þar að auki skal greiða fastagjald kr. 1,20 á mánuði af hverjum rúmm. íbúðarhúss og kr. 0,72 á mánuði af hverjum rúmm. iðnaðarhúss. Gjöldin miðast við utanmál húsa.

e) Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota, en að framan greinir, ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

2. Hemlagjöld.

a) Fyrir hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 74,52 á mánuði.

b) Fyrir hemla 1"—2" kr. 132,36 á mánuði.

c) Fyrir hemla 3" og stærri kr. 236,90 á mánuði.

3. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki fyrir skemmri tíma en 3 mánuði samfelld.

7. gr. orðist þannig:

Heimædagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 rúmm. kr. 14 400,00 og kr. 10,75 af hverjum rúmm. þar fram yfir.

Heimædagjöld gróðurhúsa skulu vera kr. 19 850,00 af sekl.

Heimædargjald skal greiða, þegar heimæð hefur verið lögð og áður en hún tengist hitakerfi hússins.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er kr. 1 200,00.

9. gr. orðist þannig:

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 300,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Eyra.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 10,80 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald:

a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ "	kr. 75,60
b) fyrir mæla 1" til 2"	kr. 151,20
c) fyrir mæla 3" eða stærri	kr. 302,40

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 54,00.